

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 18/2018

2019/EES/98/18

frá 9. febrúar 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2164 frá 17. nóvember 2017 um viðurkenningu á „RTRS EU RED voluntary scheme“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB ⁽¹⁾ hafi verið fylgt.
- 2) Gildistími framkvæmdarákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 2011/435/ESB ⁽²⁾, 2011/436/ESB ⁽³⁾, 2011/437/ESB ⁽⁴⁾, 2011/438/ESB ⁽⁵⁾, 2011/440/ESB ⁽⁶⁾, 2011/441/ESB ⁽⁷⁾, 2012/210/ESB ⁽⁸⁾, 2012/395/ESB ⁽⁹⁾, 2012/432/ESB ⁽¹⁰⁾, 2012/452/ESB ⁽¹¹⁾ og 2012/722/ESB ⁽¹²⁾, sem hafa verið felldar inn í EES-samninginn, er liðinn og því ber að fella tilvísanir til þeirra brott úr EES-samningnum.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 6av (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1433):

„6aw. **32017 D 2164:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2164 frá 17. nóvember 2017 um viðurkenningu á „RTRS EU RED voluntary scheme“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt (Stjtið. ESB L 304, 21.11.2017, bls. 53).“
2. Texti liðar 6aa (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/435/ESB) til 6ad (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/438/ESB) og liðar 6af (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/440/ESB) til 6al (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/722/ESB) fellur brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2164, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 304, 21.11.2017, bls. 53.⁽²⁾ Stjtið. ESB L 190, 21.7.2011, bls. 73.⁽³⁾ Stjtið. ESB L 190, 21.7.2011, bls. 75.⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 190, 21.7.2011, bls. 77.⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 190, 21.7.2011, bls. 79.⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 190, 21.7.2011, bls. 83.⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 190, 21.7.2011, bls. 85.⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 110, 24.4.2012, bls. 42.⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 187, 17.7.2012, bls. 62.⁽¹⁰⁾ Stjtið. ESB L 199, 26.7.2012, bls. 24.⁽¹¹⁾ Stjtið. ESB L 205, 1.8.2012, bls. 17.⁽¹²⁾ Stjtið. ESB L 326, 24.11.2012, bls. 53.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. febrúar 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.